

Dómsorð:

Stefndu, Höskuldur Jóhannesson og Guðbjörg Þórðardóttir, skulu vera sýkn af kröfum stefnanda, Kristínar Gissurar-dóttur, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 6. desember 1967.

Nr. 117/1967. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Heimi Brynjólfi Jóhannssyni**

(Örn Clausen hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Sýknað af kæru um brot gegn iðnlöggjöfinni.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafa dómkvaddir menn lýst starfsemi þeirri, virheftingu og broti, sem ákærða er gefin að sök. Ekkert er í ljós komið, er hnekki því álitu héraðs-dóms, þar sem tveir sérfróðir menn áttu sæti, að starfsemin sé einhæf og óbrotin vélavinna, sem ekki verði skipað á bekk með handið, eins og það hugtak er markað í iðnlöggjöfinni. Ber því að staðfesta héraðsdóminn.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun verjanda fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun verjanda ákærða

fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr.  
12.000.00.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 21. apríl 1967.

Ár 1967, föstudaginn 21. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 137/1967: Ákærvaldið gegn Heimi Brynjólfi Jóhannssyni, sem tekið var til dóms 18. þ. m.

Málið er með ákærskjali, dagsettu 11. október 1966, höfðað á hendur Heimi Brynjólfi Jóhannssyni forstjóra, Grettisgötu 16 B í Reykjavík, fæddum 1. maí 1930 í Grenivík, Suður-Þingeyjar-sýslu, fyrir að reka bókbandsiðn án tilskilinna meistararéttinda með því að framkvæma að undanfögnu „vírheftingu og brot“ í prentsmiðju sinni að Laugavegi 29 B í Reykjavík á ýmsum blöðum og tímaritum, s. s. Búnaðarblaðinu Frey.

Telst þetta varða við 1. mgr. 14. gr., sbr. 1. tl. 2. mgr. 27. gr. laga um iðju og iðnað nr. 18/1927, sbr. 2. og 15. gr. laga nr. 105/1936 um breytingu á þeim lögum.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Á sakavottorði ákærða er ekkert, sem áhrif gæti haft á refsimat í málinu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 10. marz 1966, kærði Bókbindarafélag Íslands yfir því, að ákærði tæki að sér vinnu, sem tvímælalaust væri fagvinna bókbindara, enda þótt hann hefði ekki iðnréttindi í bókbandi né nokkurn mann með slíkum réttindum í þjónustu sinni. Í bréfinu er nefnt sem dæmi, að ákærði annist heftingu á Búnaðarritinu Frey, sem um áratuga skeið hafi verið unnin í bókbandsvinnustofum. Kærubréfið er undirritað af formanni Bókbindarafélags Íslands, vitninu Grétari Sigurðssyni. Vitnið sagði, að Búnaðarblaðið Frey hefði áður verið heft í Prentsmiðjunni Eddu, þar sem vitnið kvaðst starfa. Heftinguna þar hefðu ýmist lærðir bókbindarar eða ófaglærðar starfsstúlkur annazt, og taldi vitnið, að stúlkurnar hefðu getað leyst starfann viðhlítandi af hendi eftir að hafa fengið nokkra reynslu. Vitninu kvaðst vera kunnugt um, að „vírhefting og brot“ færu fram í prentsmiðjum og verksmiðjum, án þess að faglærðir bókbindarar hefðu þar hönd í bagga, og til væri héraendis vélasamstæða, sem gæti allt í senn, prentað, brotið og heft, en vitnið taldi fyrir sitt leyti

nauðsynlegt, að faglærðir bókbindarar önnuðust „virkheftingu og brot“.

Umsögn Iðnráðs Reykjavíkur um málsatvik, sem dagsett er 18. apríl 1966, er á þessa leið: „... Iðnráðsstjórn hefur tekið mál þetta til athugunar og afgreiðslu og fengið á sinn fund alla iðnráðsfulltrúa frá bókbindurum og prenturum, og er það einróma álit þeirra, að vinna við „brot og virkheftingu“ tilheyri bókbandsiðninni eingöngu. Þar sem staðfest er, að kærður Heimir vinnur umrædd störf ásamt fleira fólki, án iðnréttinda í bókbandi, þá samþykkir Iðnráðsstjórn að telja kæruna á fullum rökum reista ...“. Ritari Iðnráðs Reykjavíkur, Valdimar Árni Leonhardsson, kom fyrir dóm, staðfesti umsögnina og kvað ítarlegri rökstuðning fyrir ályktuninni ekki koma fram í bókum ráðsins.

Guðmundur Þórhallsson bókbindari og Ólafur H. Hannesson prentari voru dómkvaddir til að semja sem ítarlegasta lýsingu á starfsemi þeirri, sem fram færi í prentsmiðju ákærða og ákært væri vegna. Er skoðunargerð þeirra dagsett 29. desember 1966, og leiddi hún eftirfarandi í ljós: „Við undirritaðir, sem vorum með bréfi, dagsettu 23. nóvember 1966, dómkvaddir til að semja lýsingu á starfsemi þeirri, sem fram fer í prentsmiðju Heimis Brynjólfs Jóhannssonar að Laugavegi 29 B hér í borg, mættum til skoðunar á starfsemi prentsmiðjunnar ásamt Ragnari Vigni forstöðumanni tæknideildar rannsóknarlögreglunnar fimmtudaginn 15. des. 1966.

Húsnæði prentsmiðjunnar er í kjallara hússins, ca. 80 ferm. Ragnar Vignir tók meðfylgjandi myndir.

Forstjóri prentsmiðjunnar, Heimir B. Jóhannsson, var í prentsmiðjunni ásamt starfsfólki sínu, fimm stúlkum.

Ein stúlkan var að vinna við brotvél, sem sýnd er á myndum, merktum A og B. Brotvélin er gömul vél af CLEVERLAND gerð.

Það, sem unnið var í brotvélinni í þetta sinn, voru „Ný vikutíðindi“. Blaðið er átta blaðsíður, og eru 4 blaðsíður prentaðar sitt hvorum megin á örk, sem síðan er brotin tvisvar. „Ný vikutíðindi“ eru prentuð á sama stað í CENTURETTE-Cylinder prentvél, sem sést lengst til hægri á mynd, merktri C.

Í stafla á gólfinu við hlið brotvélarinnar var Búnaðarblaðið Freyr, óbrotinn, er hafði komið til brots og heftingar frá Prentsmiðju Jóns Helgasonar hér í borg.

Aðspurður tjáði Heimir okkur, að hann bryti ýmis tímarit í þessari brotvél og væru sum þeirra prentuð hjá honum, en önnur í öðrum prentsmiðjum.

Ein stúlka var að vinna við vírheftivél, sem sýnd er á mynd, merkt D. Þessi vél er gömul vírheftivél af gerðinni Monitor.

Verkefnið, sem unnið var í heftivélinni, var stílabækur, er áður höfðu verið brotnar í áðurnefndri brotvél, en pappírinn í þær er innfluttur, strikaður. Kápan utan um stílabækurnar er prentuð í prentsmiðju Heimis og sett utan um, áður en vírhefting fer fram.

Stílabækurnar eru skornar í rafknúnum skurðarhníf, tegund ACME, sem sést til hægri á mynd E. Í þessum skurðarhníf eru einnig þau verkefni skorin, sem áður hafa verið brotin og heft þarna á staðnum. Meðal annars sáum við Heimi skera „Ný vikutíðindi“.

Ein stúlka var að fylgjast með prentun í sjálfílagðri GRAFO-Dígulvél (Wing Automat), sem sést lengst til vinstri á mynd C. Verkefnið var einfalt eyðublað.

Ein stúlkan var að raða saman eyðublöðum í þríriti til blokkunar.

Fimmta stúlkan vann við að líma hlífðarkápur framan á teikni-blokkir.

Lýsingu þessa á starfsemi í prentsmiðju Heimis Brynjólfs Jóhannssonar höfum við gert samkvæmt beztu vitund, og á hún við, hvað verkefnum viðvíkur, þann dag, sem skoðunin fór fram“.

Skoðunarmennirnir komu fyrir dóm, staðfestu gerð sína og kváðu hana af hendi leysta eftir beztu vitund. Einnig var skoðunargerðin borin undir ákærða, og hreyfði hann engum athugasemdum við hana.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann væri einkaeigandi prentsmiðju þeirrar, er rekin væri að Laugavegi 29 B hér í borg, og ynni þar fullan starfsdag. Meistari í iðngrein starfaði ekki í prentsmiðjunni, en sjálfur kvaðst ákærði hafa sveinsbréf í prentið. Ákærði sagðist ekki hafa iðjuleyfi fyrir rekstrinum. Ákærði játaði að hafa framkvæmt eða látið framkvæma í prentsmiðju sinni um s.l. 10 ár „vírheftingu og brot“ á ýmsum blöðum og tímaritum, svo sem Búnaðarblaðinu Frey. Eins og væri, kvaðst ákærði hafa 3 starfsstúlkur allan daginn, 2, sem ynnu hálfan daginn, og auk þess lausráðið starfsfólk öðru hverju og væri fólk þetta við ýmis störf í prentsmiðjunni, m. a. við „vírheftingu og brot“. Ákærði sagðist ekki krefjast sérþekkingar af nokkru tagi, þá er hann réð starfsfólk sitt, en við ráðningu væri því kennt að fara með vélarnar og tæki sú kennsla ekki margar mínútur. Taldi ákærði, að vinna starfsfólksins við „vírheftingu og brot“

væri ekki svo vandasöm, að fagkunnátta bókbindara þyrfti til að koma, en hver maður með venjulegu verksviti gæti leyst starfann af hendi, enda væri hliðstæð störf hjá bókbindurum unnin af ófaglærðu starfsfólki. Ákærði sagði, að þá er brotið færi fram, væri starf þess, er brotvél stjórnaði, einasta að láta blað eða örk ofan á vélina, sjálf stillti vélin verkefninu að brúnum og færi brotið að öllu leyti fram í vélinni sjálfri, án þess að starfsmaðurinn hefði þar hönd í bagga. Brotvélin væri knúin rafmagni og ynni um 800—3.000 eintök á klukkustund. Um heftivélina skýrði ákærði svo frá, að starf þess, er við hana ynni, væri í því fólgið að setja blað, tímarit eða annað verkefni á borð eða kjöl vélarinnar, stíga síðan á fótstig neðarlega á henni, og annaðist vélin þá sjálf heftinguna. Ákærði sagði, að heftivélin gengi fyrir rafmagni og afköst hennar væru um 200—1.000 eintök á klukkustund.

Þrjár starfsstúlkur ákærða komu fyrir dóm og báru vætti í málinu. Lýstu vitnin störfum í prentsmiðjunni mjög á sama hátt og ákærði og kváðust annast þar ýmis störf, er til féllu, m. a. „vírheftingu og brot“. Eitt vitnið sagðist áður hafa starfað hjá bókbandsfyrirtækjunum Bókfelli og Sveinabókbandinu, þar unnið við „vírheftingu og brot“, enda væru þau störf á þessum stöðum leyst af höndum af ófaglærðum starfsmönnum. Öllum bar vitnunum saman um, að vinnan við „vírheftingu og brot“ væri svo vandalítil, að hún krefðist ekki fagþekkingar bókbindara.

Dómarar málsins hafa farið í prentsmiðju ákærða og kynnt sér þau störf, sem þar fara fram.

Svo sem að framan er rakið, er mikil verkaskipting í prentsmiðju ákærða samfara mikilli vélanotkun. Unnið er samtímis að vírheftingu og broti mikils fjölda blaða og tímarita sömu tegundar. Störfín eru vandalítil og ekki þess eðlis, að sérnáms þurfi til þeirra. Verður ekki talið, að um sé að ræða lögvernduð iðnréttindi í skilningi 1. gr. laga nr. 18/1927 um iðju og iðnað, en hins vegar framleiðsluhætti nútíma vélvæðingar og verkaskiptingar, sem verður ekki skipað í flokk með handið. Ber samkvæmt því að sýkna ákærða af kröfum ákærvalds og dæma ríkissjóð til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ármann Kristinsson sakadómari, Kristján Jónsson borgardómari og Sveinn Björnsson verkfræðingur kváðu upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Ákærði, Heimir Brynjólfur Jóhannsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvalds í málinu.

Allur kostnaður sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda ákærða, kr. 10.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

---

Miðvikudaginn 13. desember 1967.

Nr. 113/1965. **Guðmundur Rósmundsson**

(Lúðvík Gizurarson hrl.)

gegn

**Marís Haraldssyni**

(Gústaf A. Sveinsson hrl.).

## Dómenndur:

hæstaréttardómurarnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Félagsútgerð. Skuldamál.

## Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. júní 1965. Krefst hann sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að vextir af víxilkostnaði reiknist sem hér segir:

„Af kr. 253.33 frá 3. apríl 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 446.48 frá 9. maí 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 254.50 frá 2. júlí 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 650.33 frá 1. september 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 1.230.00 frá 5. nóvember 1962 til 30. október 1964.

Af kr. 1.221.33 frá 17. maí 1963 til 30. október 1964.

Af kr. 1.221.34 frá 1. nóvember 1963 til 30. október 1964.

Af kr. 1.217.67 frá 8. maí 1964 til 30. október 1964“.